
Ef það vakna hjá ykkur áhyggjur af velferð barnsins ykkar, er mikilvægt að þið bregðist við og hafið samband við starfsfólkið í skóla barnsins ykkar.

Þið þekkið barnið ykkar best og gegnið því mikilvægu hlutverki við að leysa vandamál sem tengjast barninu ykkar. Það er auðveldast að leysa mál ef tekið er höndum saman um það sem fyrst.

Við viljum tryggja að allir hlutaðeigandi aðilar sameinist um að aðstoða fjölskylduna og barnið ykkar þar sem þörf er.



*Velferð barna
Allra ábyrgð*

Austurlandslíkanið er samstarfsvettvangur þeirra sem koma að málefnum fjölskyldna í Múlaþingi, Fljótdalshreppi og Vopnafirði, sem Fjölskyldusvið Múlaþings hefur umsjón með.

Markmiðið er að sameina krafta alls þess fagfólks sem kemur að málefnum fjölskyldna hvort sem er í skólastofnunum eða heima fyrir til að tryggja markvissan og snemmtækan stuðning við fjölskyldur þegar þess gerist þörf.



Múlaþing

Lyngás 12, 700 Egilsstaðir
Sími 4700 700
Nefang mulathing@mulathing.is
Vefsíða www.mulathing.is

UPPLÝSINGAR TIL FORELDRA

Austurlandslíkanið

Velferð barna Allra ábyrgð



Velferð barna

Alla jafna er leitast við að leysa þau vandamál sem tengjast barninu þínu í daglegu umhverfi þess þar sem nánustu starfsmenn, t.d. kennarar og aðrir starfsmenn skólans leggjast á eitt um að veita barninu og nauðsynlegan stuðning.



Allra ábyrgð

Ef vandamálið kallar á að fleiri komi að málum til að styðja barnið eða fjölskylduna er leitað eftir heimild foreldra til að bera málið upp í Austurlandsteyminu en þar sitja félagsráðgjafar, sálfræðingur, þroskaþjálfari, skólahjúkrunarfræðingur og aðrir sérfræðingar eftir eðli hvers máls. Kennari barnsins þíns mun fara með ykkur á fundi teymisins og aðstoða við að fylgja málinu eftir.



*Allir leggjast á eitt um að
veita markvissan
snemmtækan stuðning*

Velferð barna

Viljir þú fá aðstoð í Austurlandsteyminu getur þú haft samband við leik- eða grunnskóla þíns barns eða aðra sérfræðinga teymisins;

- Teymistjóri Austurlandslíkansins:
Helga Þorleifsdóttir
helga.thorleifsdottir@mulathing.is
- Aðrir starfsmenn félagsþjónustunnar

Fjölskylduráð Múlaþings
Lyngás 12, 700 Egilsstaðir
Sími 4700 700
Nefang mulathing@mulathing.is
Vefsíða www.mulathing.is